

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 100 frá 16. desember 1992 um vog, mál og faggildingu og sbr. i)-lið 1. mgr. 7. gr. rg. nr. 353/1997 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Viðskiptaráðuneytinu, 28. apríl 1998.

F. h. r.

Atli Freyr Guðmundsson.

Páll Gunnar Pálsson.
AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 453/1988, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „9 bæjarfulltrúum“ í 1. gr. samþykktarinnar kemur: 7 bæjarfulltrúum.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur sett samkvæmt 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi þannig að kjörnir verði sjö fulltrúar í bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar í sveitarstjórnarkosningunum 23. maí 1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. apríl 1998.

F. h. r.

Sturlaugur Tómasson.

Sesselja Árnadóttir.
SAMYKKT

um hesthúsahverfi í Egilsstaðabæ.

1. gr.

Hesthúsum skal vel við haldið m.a. hvað varðar málningu. Vanda skal til frágangs á heybirgðum og þær geymdar á þar til ætluðum stöðum.

2. gr.

Umhverfi hesthúsa skal halda þrífalegu og frágangur lóðar skal vera snyrtilegur. Gerði skulu malborin og girt vönduðum girðingum og skulu þær þannig gerðar að slyshætta verði eins lítil og auðið er. Á hesthúsalóðum er óheimilt að geyma bifreiðar, dráttarvélar, hevvinnslutæki, byggingaefni og aðra lausamuni nema á skipulögðum geymslusvæðum.

3. gr.

Lausaganga hesta er bönnuð. Eigendur bera ábyrgð á leigjendum sínum hvað varðar alla umgengi í hesthúshverfinu.

4. gr.

Tað og moð skal geymt í vökvaheldri taðþró og skal áætla tveggja m³ rými fyrir tað frá hverjum hesti. firóin skal vera þétt og þannig hirt um hana að hvorki verði um óþrif eða mengun að ræða. Í þróna má einungis setja hrossatað og moð, sem hreinsað er úr hesthúsum og umhverfis þau.

5. gr.

Eigendur skulu láta tæma taðþrær reglulega, og áður en þær yfirfyllast. Taðþrær skulu tæmdar þegar hross eru komin í haga, þó ekki síðar en 1. júlí ár hvert. Leitast skal við að nýta hrossatað til jarðræktar eða annarra sambærilegra nota að höfðu samráði við heilbrigðisfulltrúa, en að öðrum kosti flytja það á þar til ætlaðan móttökustað, samkvæmt fyrir sögn heilbrigðisfulltrúa og tæknimanna sveitarfélagsins.

6. gr.

Frárennsli frá salernum skal tengja fráveitukerfi eða leiða í rotþró og siturlögn. Um frágang rotþróar og siturlagnar svo og tæmingu þróar fer samkvæmt leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins og fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Í hverju hesthúsi skal vera viðurkennt sorpílát og skulu hesthúsa eigendur kosta uppsetningu þess og tæmingu. Urðun úrgangsefna og öll brennsla er bönnuð. Sorpi skal safna saman og flytja á brott með þeim hætti að óhollusta eða óþrifnaður stafi ekki af. Hættulegum úrgangi (t.d. fúavarnarefni, málningu, skordýra- og meindýraeitri, útrunnum lyfjum og lyfjaleyfum) skal halda aðskildum frá öðrum úrgangi og skila til móttökustöðvar fyrir spilliefni.

8. gr.

Eftirlit með framkvæmd þessarar samþykktar hefur heilbrigðisnefnd samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. gr.

Með brot á samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

10. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af þéjarstjórn Egilsstaðabæjar og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytinu, 20. apríl 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.